AUGLÝSING

um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

I. KAFLI

Um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af efnivörum, vélum, tækjum, vélahlutum og varahlutum.

Niðurfelling gjalda.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal fella niður eftir því sem við á toll, vörugjald eða jöfnunargjald af vörum í eftirtöldum tollskrárnúmerum, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, sbr. lög nr. 96/1987, með áorðnum breytingum:

3917.2100	4009.5000	8536.2000	8539.9000
3917.2200	4421.9013	8536.3000	8540.3000
3917.2300	7616.1000	8536.4100	8540.4100
3917.2900	8418.1009	8536.4900	8540.4200
3917.3100	8418.3009	8536.5000	8540.4900
3917.3200	8418.4009	8536.6100	8540.8100
3917.3300	8418.6109	8536.6900	8540.8900
3917.4000	8418.6909	8536.9000	8540.9100
4009.1000	8451.2900	8537.1009	8540.9900
4009.2001	8516.8001	8537.2000	8544.4100
4009.2009	8519.9901	8538.1000	8544.5100
4009.3001	8520.9001	8538.9000	8716.8009[1])
4009.3009	8522.9000	8539.4000	9603.5000
4009.4000			

1) Rekkar á hjólum til iðnaðarnota

Eftirtalið fyrir kvikmynda- og myndbandavinnustofur og hljóðver auk þess sem upp er talið í 1. mgr. þessarar greinar:

8518.2100	8519.4000	8521.1029	8529.1009
8518.2200	8519.9100	8521.9021	8529.9009
8518.2900	8519.9909	8521.9029	8540.2000
8518.3000	8520.3100	8522.1000	8544.2000
8518.4000	8520.3900	8528.1009	9007.1900
8518.5000	8520.9009	8528.2009	9007.9100
8518.9000	8521.1021		

2. gr.

Nú eru vélar, tæki eða vélahlutar, sem falla undir 1. gr. auglýsingar þessarar og notað er við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sent til útlanda til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu og skal þá um tollmeðferð þeirra fara eftir 7. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Verðmæti véla- og varahluta, sem falla undir 1. gr. og send hafa verið utan til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu skal þó alltaf undanþegið gjöldum, enda beri viðgerðarreikningur með sér verðmæti þeirra.

3. gr.

Niðurfelling gjalda samkvæmt 1. og 2. gr. tekur einungis til efnivara, véla, tækja, vélahluta og varahluta sem notað er til framleiðslu á iðnaðarvörum í samkeppnisiðnaði, sbr. 9. gr. Tollmeðferð þessi er jafnframt bundin þeim skilyrðum að innflutningur sé allur á nafni viðkomandi iðnfyrirtækis eða innflutningsfyrirtækis og því sé lýst yfir í reit 14 í aðflutnings-

skýrslu með vísan til auglýsingar þessarar að viðkomandi vörusending sé öll eða að hluta, sem þá skal sérstaklega útreiknaður í aðflutningsskýrslu, ætluð nánar tilgreindu samkeppnisiðnfyrirtæki. Vísan til auglýsingar þessarar felur jafnframt í sér yfirlýsingu um að vara sem óskað er undanþágu fyrir sé eingöngu flutt inn til eigin nota viðkomandi samkeppnisiðnfyrirtækis til aðvinnslu við framleiðslu á iðnaðarvöru í samkeppnisiðnaði. Sé innflutningur við tollafgreiðslu á nafni annars en þess sem rétt á að fá undanþágu samkvæmt reglugerð þessari skal við tollafgreiðslu liggja fyrir skriflegt umboð frá heimildarhafa til að skuldbinda samkeppnisiðnaðarfyrirtækið samkvæmt auglýsingu þessari.

Undanþága frá greiðslu gjalda samkvæmt auglýsingu þessari verður eigi veitt nema viðkomandi hafi fengið leyfi til að reka iðnað samkvæmt ákvæðum iðnaðarlaga nr. 42/1978. Við frágang aðflutningsskýrslu skulu niðurfelld gjöld eigi reiknuð en að öðru leyti skal farið eftir ákvæðum tollalaga nr. 55/1987, svo og reglum og öðrum fyrirmælum settum þar að lútandi.

Ef um er að ræða tæki sem ætlað er til nota á kvikmynda- eða myndbandavinnustofu eða í hljóðveri skal raðnúmer (serialnumber) viðkomandi tækis koma fram í aðflutningsskýrslu við tollafgreiðslu.

Endurgreiðsla gjalda.

4. gr.

Nú eru vélar, tæki, vélahlutar eða varahlutir, sbr. 1. gr. flutt inn til endursölu, sbr. þó 1. mgr. 3. gr., eða um er að ræða slíka vöru framleidda hér á landi og skulu þá gjöld innheimt að fullu við sölu en endurgreidd eftir á, enda sæki endanlegur kaupandi vörunnar um endurgreiðslu til viðkomandi innheimtumanns ríkissjóðs (sýslumanns eða bæjarfógeta en í Reykjavík til tollstjóra), að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

Umsókn um endurgreiðslu gjalda skal borin fram í þríriti á sérstöku eyðublaði sem ríkistollstjóri lætur gera í þessu skyni. Skal umsókn fylgja frumrit og eitt afrit af reikningi yfir hina keyptu vöru sem auk þess að tilgreina tollskrárnúmer viðkomandi vöru beri greinilega með sér hvaða gjöld hafi verið greidd og sundurliðuð upphæð þeirra, eða reikningi fylgi sérstök útskrift frá seljanda er sýni tollskrárnúmer og slíka sundurliðun gjalda. Sé um vöru að ræða sem aðflutningsgjöld hafa verið greidd af, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. skal í vörureikningi eða nefndri útskrift jafnframt tilgreina tollafgreiðslunúmer viðkomandi vörusendingar. Í umsókn skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

a. Tollskrárnúmer hverrar vöru og vörulýsingu.
b. Kaupverð hverrar vöru fyrir sig og upphæð greiddra aðflutningsgjalda, sbr. 1. gr.
c. Fjárhæð umbeðinnar endurgreiðslu af hverri vöru fyrir sig.
d. Heildarfjárhæð endurgreiðslubeiðni.
e. Yfirlýsingu umsækjanda um að varan sé ætluð til eigin nota við framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði, sbr. 9. gr. Skal jafnframt tilgreina hvaða framleiðslu fyrirtækið stundar.

Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um efnivörur sem gjöld eru felld niður af samkvæmt 1. gr.

5. gr.

Umsókn um endurgreiðslu samkvæmt 4. gr. skal hafa borist viðkomandi innheimtumanni innan 12 mánaða frá sölu til þess aðila er sækir um endurgreiðslu og nema minnst 20 000 kr. til þess að vera endurgreiðsluhæf. Heimilt er að leggja saman reikninga til þess að lágmarksfjárhæð náist.

Endurgreiðsla kemur því aðeins til greina að allar upplýsingar séu skilmerkilega færðar og umsókn undirrituð af umsækjanda.

Tollstjórar í hverju umdæmi skulu veita umsækjendum upplýsingar um tollskrárnúmer vara ef þess er óskað.

6. gr.

Viðkomandi innheimtumaður skal við endurgreiðslu gjalda halda eftir kvittuðu frumriti umsóknar um endurgreiðslu, sem gefið skal afgreiðslunúmer í hlaupandi töluröð miðað við almanaksár, ásamt afriti reiknings. Skjöl þessi skulu send ríkisbókhaldi með mánaðarskilagrein. Fyrsta afrit umsóknar skal senda skattstofu í því umdæmi þar sem umsækjandi hefur aðsetur, en annað afrit umsóknar ásamt frumriti reiknings með áritun um endurgreiðslu skal afhenda viðkomandi umsækjanda.

II. KAFLI
Um niðurfellingu aðflutningsgjalda af efni.

7. gr.

Af efnivörum og hlutum sem notaðir eru til framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði og fallið geta undir tollskrárnúmer í 1. gr. skal heimilt þegar við tollafgreiðslu að fella niður toll, vörugjald og jöfnunargjald að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur ákveðið að fella niður aðflutningsgjöld af öðrum efnivörum og hráefni til framleiðslu iðnaðarvara í samkeppnisiðnaði svo og fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af efnivörum og hráefnum í iðnaðarvörur, ef gjöld af samskonar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni. Iðnfyrirtæki sem ákvæði þetta getur átt við skulu senda skriflega umsókn um lækkun eða niðurfellingu gjalda til embættis Ríkistollstjóra sem annast afgreiðslu slíkra mála. Í umsókn skal gerð skrifleg grein fyrir framleiðslu fyrirtækisins og aðföngum þeim sem óskað er eftir að njóti tollívilnana og þýðingu þeirra fyrir framleiðsluna. Til frekari skýringa skulu fylgja erindinu tæknilegar upplýsingar um efnivöruna, teikningar, myndir eða sérstök lýsing. Liggi upplýsingar fyrir um tollflokkun framleiðsluvörunnar og efnivörunnar skal hennar getið.

Aðflutningsgjöld verða ekki lækkuð eða felld niður af neðangeindu:

a. Innfluttu efni sem jafnframt er framleitt innanlands og tollar hafa verið lækkaðir eða felldir niður af vegna samninga við Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) og Evrópubandalagið (EB). Nú fellur hráefni, efnivara eða hlutar til innlendrar framleiðslu undir tollskrárnúmer sem tollar hafa verið felldir niður af vegna samninga, en talið er að innlend framleiðsla sé engin eða óveruleg á slíkum vörum eða vörum með sama notagildi og mun þá fjármálaráðuneytið að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið taka sérstaklega til athugunar beiðnir um niðurfellingu gjalda, enda verði beiðni þar að lútandi studd fullnægjandi gögnum, m.a. um vægi kostnaðar þeirra í viðkomandi framleiðslu.
b. Efni sem við aðvinnslu skiptir ekki um tollskrárnúmer samkvæmt tollalögum, þ.e. óveruleg eða einföld aðvinnsla er eigi talin fullnægjandi svo sem sigtun, flokkun, umbúðaskipti, átöppun, ásetning merkimiða og blöndun.

Sé t.d. um blandaðan rekstur að ræða eða nauðsynlegt er að mati Ríkistollstjóra til tryggingar eftirlits með vörum sem tollívilnana eiga að njóta getur Ríkistollstjóri ákveðið að endurgreiða gjöld þegar framleiðslu vara er lokið og sett nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslu gjalda.

8. gr.

Beiðni um niðurfellingu aðflutningsgjalda, þegar við tollafgreiðslu, af einstökum efnisendingum skal fylgja, auk þeirra gagna sem nefnd eru í 2. mgr. 7. gr., aðflutningsskýrsla ásamt öllum skjölum sem afhenda ber vegna tollmeðferðar vöru, sbr. 14.–20. gr. tollalaga. Að öðru leyti skal fullnægt skilyrðum 3. gr. auglýsingar þessarar.

Ríkistollstjóri getur veitt fyrirtækjum heimild til að fá tiltekna efnivöru tollafgreidda án greiðslu aðflutningsgjalda án þess að til ákvörðunar ríkistollstjóra komi hverju sinni. Óski

fyrirtæki slíkrar heimildar skal þess getið sérstaklega í erindi þess. Teljast gögn þau sem nefnd eru í 1. mgr. 7. gr. fullnægjandi í slíkum tilvikum.

Ríkistollstjóri getur bundið almenna heimild samkvæmt 2. mgr. skilyrðum sem við kunna að eiga hverju sinni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

9. gr.

Hugtakið samkeppnisiðnaður í auglýsingu þessari tekur til framleiðslufyrirtækja sem framleiða eingöngu vörur sem eru tollfrjálsar við innflutning samkvæmt viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum, og hvorki er bannaður innflutningur á eða um gilda innflutningstakmarkanir né lögð á gjöld sem eru ígildi tolla eða gjalda sem á eru lögð vegna framkvæmdar á innlendri landbúnaðarstefnu. Viðgerðarþjónusta skal þar með talin.

10. gr.

Aðili sem fær endurgreiðslu samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar skal tilgreina endurgreidd gjöld sérstaklega, annað hvort í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum, en þar skal greina undir hvaða lið ársreiknings endurgreiðslan er færð svo og fjárhæð hennar.

11. gr.

Aðflutningsgjöld af vélum, tækjum, vélahlutum og varahlutum sem undanþegið hefur verið gjöldum samkvæmt auglýsingu þessari skulu afskrifuð á fimm árum talið frá tollafgreiðsludegi eða endurgreiðsludegi, hafi vara verið keypt af innlendum birgðum, enda hafi þær verið notaðar þann tíma við framleiðslu fyrirtækisins á samkeppnisvörum. Óski þau eftir að afhenda þær eða selja öðrum innan afskriftartímans skulu þau áður en afhending eða sala fer fram greiða gjöld að fullu hjá tollstjóra, þar sem atvinnustarfsemin er skráð, miðað við upphaflegt kaupverð en tollafgreiðslugengi sem í gildi er þegar sala eða afhending fer fram ef um ónotaðar vörur er að ræða, en miðað við söluverð ef um notaðar vörur er að ræða. Ef um afhendingu eða sölu er að ræða milli aðila sem réttar njóta samkvæmt auglýsingu þessari er nægilegt að gætt sé ákvæða 1. mgr. 12. gr. varðandi reikninga og önnur gögn sem tengjast afhendingu eða sölu og skal samanlagður notkunar- og eignarhaldstími viðkomandi fyrirtækja í fimm ár vera afskriftartími véla, tækja, véla- og varahluta að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Sé fyrirtæki, sem rétt á á niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda, í vanskilum með aðflutningsgjöld getur tollstjóri synjað um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt auglýsingu þessari og stöðvað tollafgreiðslu þar til úr hefur verið bætt, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, sbr. reglugerð nr. 141/1989, um breyting á henni.

12. gr.

Iðnfyrirtæki sem njóta eftirgjafar gjalda samkvæmt reglum þessum skulu halda reikningum og öðrum gögnum varðandi vörur sem eftirgjafar njóta samkvæmt þeim aðgreindum í bókhaldi sínu sem tollyfirvöld skulu jafnan hafa aðgang að telji þau ástæðu til eftirlits eða rannsóknar á þeim. Skulu þau veita tollyfirvöldum upplýsingar um notkun varanna sé þess óskað.

Komi í ljós við rannsókn tollyfirvalda á bókhaldi fyrirtækis að það hafi misnotað ívilnanir sem því hafa verið veittar samkvæmt auglýsingu þessari eða rökstuddur grunur er um að um misnotkun hafi verið að ræða geta tollyfirvöld hafnað beiðni um niðurfellingu eða endurgreiðslu gjalda samkvæmt henni meðan málið er í athugun.

Jafnframt skal fyrirtækið að kröfu tollyfirvalda þegar greiða að fullu aðflutningsgjöld af þeim vörum sem misnotaðar hafa verið ásamt dráttarvöxtum eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og skulu þeir reiknaðir frá tollafgreiðsludegi.

13. gr.

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna og röng upplýsingagjöf látin í té í því skyni að fá ívilnun á tolli eða gjöldum samkvæmt ákvæðum auglýsingar þessarar getur m.a. varðað við 126. og 130. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um meðferð mála vegan brota á auglýsingu þessari fer að hætti opinberra mála.

14. gr.

Af vörum sem undanþegnar eru aðflutningsgjöldum samkvæmt auglýsingu þessari skal greiða virðisaukaskatt eins og kveðið er á um í lögum nr. 50/1988, með síðari breytingum, svo og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

15. gr.

Fjármálaráðuneytið sker úr ágreiningi sem rísa kann um framkvæmd og túlkun ákvæða auglýsingar þessarar.

16. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 13. tl. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, 7. gr. laga nr. 97 31. desember 1987, um vörugjald og 3. gr. laga nr. 78 23. desember 1978, um jöfnunargjald, til að öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 69 27. janúar 1988, um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 618 28. desember 1989

REGLUGERÐ

um greiðslu barnabóta á árinu 1990.

1. gr.

Á árinu 1990 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 25 204 kr. með fyrsta barni en 37 807 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 25 204 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu þó ávallt vera tvöfalt hærri en greinir í 1. málsgrein, þó að lágmarki 75 614 kr. með hverju barni. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.